

REGLUR

um Byggðarannsóknasjóð.

1. gr.

Tilgangur.

Starfræktur skal sérstakur rannsóknarsjóður, Byggðarannsóknasjóður. Tilgangur sjóðsins er að efla byggðarannsóknir og bæta þannig þekkingargrunn fyrir stefnumótun og aðgerðir í byggðamálum.

2. gr.

Stjórn og skipulag.

Ráðherra byggðamála skipar stjórn Byggðarannsóknasjóðs og skal skipunartími falla að gildistíma byggðaáætlunar. Skipa skal þrjá aðalmenn þar af einn formann og þrjá til vara. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur. Í þeim skal meðal annars tilgreina hvernig staðið er að mati umsókna um styrki. Byggðastofnun auglýsir eftir umsóknum um styrki, annast samskipti við umsækjendur, móttöku umsókna og aðra nauðsynlega umsýslu, eftir því sem við á hverju sinni. Starfsreglur sjóðsins skulu vera aðgengilegar á heimasíðu Byggðastofnunar.

3. gr.

Fjármunir og greiðsluáætlun.

Sjóðurinn er fjármagnaður af fjárlagalið byggðaáætlunar og með framlagi frá Byggðastofnun. Stefnit skal að því að árlegt framlag til hans nemi 10 m.kr. Til sjóðsins leggjast enn fremur önnur framlög eftir því sem tilefni gefst til. Stjórn sjóðsins semur greiðsluáætlun fyrir sjóðinn ár hvert þar sem gerð er grein fyrir kostnaði við umsýslu hans, fjölda styrkveitinga og upphæð þeirra. Áætlunin er send atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu fyrir 1. febrúar ár hvert. Kostnaður vegna starfsemi sjóðsins er greiddur úr sjóðnum og ákveður ráðherra þóknun stjórnar.

4. gr.

Styrkveitingar.

Styrkir Byggðarannsóknasjóðs eru veittir einu sinni á ári og skal úthlutun fara fram á ársfundi Byggðastofnunar en styrkir greiðast út eftir framvindu verkefna. Stjórn sjóðsins ákveður fjölda styrkja og skal við það miðað að þeir séu ekki færri en þrír og ekki fleiri en fimm hvert sinn.

5. gr.

Auglýsing um styrkveitingar.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal stjórn Byggðarannsóknasjóðs auglýsa þá styrki sem sjóðurinn veitir árið eftir. Heimilt er stjórn sjóðsins að ákveða í auglýsingu að veittir verði styrkir til tiltekinnna eða afmarkaðra viðfangsefna.

Í auglýsingu skal greina þær kröfur sem gerðar eru til umsókna og fyrir hvaða tíma þær skuli berast sjóðnum. Jafnframt skal í starfsreglum stjórnar Byggðarannsóknasjóðs kveðið nánar á um efni auglýsingar.

6. gr.

Skyldur styrkþega.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum stjórnar sjóðsins. Verði misbrestur á eða önnur skilyrði stjórnar fyrir styrkveitingu eru ekki uppfyllt er heimilt að fara fram á endurgreiðslu styrksins.

Sé styrks ekki vitjað innan árs frá dagsetningu tilkynningar um styrk fellur hann niður.

Rannsóknir og niðurstöður þeirra sem hlotið hafa styrk samkvæmt reglum þessum skulu birtar almenningi samkvæmt nánari fyrirmælum stjórnar sjóðsins.

7. gr.

Reikningar og endurskoðun.

Reikningsár Byggðarannsóknasjóðs er almanaksárið. Byggðastofnun ber ábyrgð á reikningshaldi og skal reikningum sjóðsins haldið aðskildum í bókhaldi stofnunarinnar.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar taka gildi 1. nóvember 2014.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. september 2014.

Sigurður Ingi Jóhannsson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Kristján Skarphéðinsson.